

# Skjálfafljót

Skjálfafljót er á sem rennur úr Vonaskarði sem er á milli Vatnajökuls og Tungufellsjökuls. Fljótið er með mörgum fossum sem ég ætla að tala betur um. Skjálfafljót er 180 km að lengd og er fjórða lengsta á á Íslandi. Áin rennur til sjávar í Skjálfa og heitir það þess vegna Skjálfafljót.

Það eru margir fossar í ánni t.d. Hverfandi, Hrafnbjargarfoss, Goðafoss, Ullarfoss, Aldeyjarfoss og Barnafoss. Þessir fossar eru margir mjög flottir og eiga margir einhver sér einkenni t.d. hverfur Hverfandi alltaf á haustin og á veturna vegna þess að þá er minni bráðnun og er þá minna vatn í ánni. Það er ástæðan fyrir nafngiftinni. Goðafoss er mjög vinsæll viðkomustaður túrista og er þess vegna sjoppa þar við. Aldeyjarfoss er mjög flottur foss lengst inni í Bárðardal og er vinsæll meðal annars vegna þess að það er eitt flottasta stuðlaberg á Íslandi þar úti um allt. Ég fór þangað árið 2015 af því að afi minn fæddist og ólst upp þarna rétt hjá og það var ættarmót þar. Aldeyjarfoss er meðal annars frægur vegna þess að það hefur verið mikið í umræðunni um að virkja hann en þetta er einn flottasti foss á Íslandi þannig það er léleg hugmynd að mínu mati. Af hverju að virkja einn flottasta stað á Íslandi og skemma hann?

Einu sinni fór maður niður Skjálfafljót á kajak en var stoppaður við Goðafoss en það er brjálæði vegna þess að Aldeyjarfoss er mjög hár og vatnsmikill og hefði hann alveg geta steindrepist og sem betur fer lifði hann.

Í Skjálfafljóti er hægt að kaupa veiðileifi en ekki er mikið um fiska en þeir geta verið alveg rosalega stórir.

Skjálfafljót er eitt lengsta fljót landsins og er með mörgum flottum fossum og gaman er að koma við og veiða þarna.

Björn Heiðar Björnsson 10. SKB